

International Migration: The human face of globalisation

Summary in Icelandic

Alþjóðlegir fólksflutningar: Ásjóna alþjóðavæðingarinnar *Útdráttur á íslensku*

- Bók þessi byggir á einstakri sérfræðipækkingu í OECD löndunum og er athyglinni beint að raunveruleika alþjóðlegra fólksflutninga nútímans: Hvaðan koma innflytendurnir og hvert fara þeir? Hvernig stjórna stjórnvöld fólksflutningum? Hversu vel standa innflytjendur sig hvað varðar menntun og í starfi? Og hjálpa fólksflutningar – eða hindra þeir – í þróunarlöndunum?
- Um það bil 190 milljón manns um heim allan búa utan fæðingarlands síns. Þessir innflytjendur flytja með sér dugnað, framkvæmdahug og nýjungar í þjóðfélög okkar. En það eru gallar til staðar: ungir innflytjendur standast ekki menntunarkröfur, fullorðið fólk fær ekki atvinnu og svo auðvitað óheftir fólksflutningar. Slík viðfangsefni geta gert fólksflutninga að pólitískum eldingavara og umfjöllunarefni í reiðþrungnum deilum.

Fá málefni leiða til jafnmikilla deilna og alþjóðlegir fólksflutningar meðal annars vegna þess að þeir snerta slíkan fjölda annarra málefna - efnahagsmál, lýðfræðilega þætti, stjórnsmál, þjóðaröryggi, menningu, tungumál og jafnvel trúsmál. Þessi samsetning gerir það aðeins flóknara að móta stefnur, sem hámarka hagsbætur fólksflutninga fyrir löndin þar sem innflytjendur setjast að, fyrir þá sem þeir skilja eftir og fyrir innflytjendurna sjálfa.

Það er reyndar grundvallaratriði að leysa þessi vandamál, sérstaklega vegna þess að fólksflutningar eru fastur hluti í mannkynssögunni: Fólk hefur ávallt leitað sér að nýjum og betri heimahögum og mun halda því áfram. Ennfremur munu mörg lönd, sem glíma við það að íbúarnir þeirra eru að eldast, þurfa að laða að innflytjendur á komandi árum til að fylla skörð sem myndast á vinnumarkaðinum. Og lönd, sem hafa þegar stór innflytjendasamfélög, verða einnig að finna leiðir til að bæta frammistöðu innflytjenda á sviði menntunar og atvinnu. Allt þetta er sérstök áskorun fyrir löndin á OECD svæðinu: Síðan á sjöunda áratug síðustu aldar hefur hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjöldanum nær tvöfaldast í um 8.3%; hins vegar er hlutfallið í minna þróuðum löndum mun lægra.


Tölur og tilhneingingar

Rétt innan við 3% af íbúafjölda heimsins, eða 190 milljón manns, búa utan fæðingarlands síns. Þessi tala kann að virðast lág, en þar sem innflytjendur hafa tilhneingingu til að flytja til tiltölulega fárra landa geta þeir verið skýringin á mjög stórum hluta íbúafjölda innan einstakra landa. Á OECD svæðinu mynda þeir meira en 23% af íbúafjölda bæði í Ástralíu og í Sviss, en aðeins um 3% í Finnlandi og í Ungverjalandi

Almennt eru fólksflutningar saga flutninga fólks til landa, sem eru tiltölulega auðugri (en ekki endilega „auðug“) í samanburði við heimalöndin. Þetta þýðir ekki aðeins að fólk er að fara frá þróunarlöndum til þróaðrar landa heldur er verulegur fjöldi einnig að fara milli þróunarlanda. Ef við notum orðið „norður“ til að tákna

Fleiri tölur

Hlutur fólksflutninga



þróaða heiminn og „suður“ til að tákna þróunarlöndin getum við sagt að um þriðjungur innflytjenda ferðast frá norðri til norðurs; annar þriðjungur ferðast frá suðri til norðurs; og síðasti þriðjungurinn ferðast frá suðri til suðurs.

Stjórnun fólksflutninga

Eðli fólksflutninga er mjög breytilegt eftir löndum. Í sumum löndum eins og Bandaríkjunum og Frakklandi eru flestir löglegir fólksflutningar vegna fjölskylduáðstæðna – innflytjendurnir eru annað hvort að sameinast nánum ættingjum sínum, sem þegar búa í viðkomandi löndum, eða til að hefja hjúskaparlíf. Í öðrum löndum eins og Sviss ferðast flestir innflytjendur vegna þess að þeir hafa rétt til vinnu og búsetu í landinu. Það er fleira, sem skilur að: Í hefðbundnu „innflytjendalöndunum“ eins og Ástralíu, Kanada og Bandaríkjunum ætla flestir innflytjendur að hafa fasta búsetu. En í Evrópusambandinu, sem er fjöllanda frjálsflæðissvæði, er innflutningur líklegri til að vera tímabundinn.

Allir þessir þættir ásamt þörf landanna fyrir faglært og ófaglært vinnuafli hefur áhrif á það hvernig stjórnvöld leitast við að stjórna fólksflutningum. En það er mikilvægt að gæta að því að stjórnvöld stjórna ekki miklum hluta fólksflutninga með beinum hætti. Í mörgum tilfellum á fólk í reynd rétt á að setjast að erlendis ef til vill vegna þess að landið viðurkennir rétt fjölskylda til að sameinast eða vegna þess að landið hefur skuldbundið sig til að taka við tilteknum fjölda hælisleitenda eða vegna þess að landið er frjálsflæðissvæði. Þá er og fyrirbærið óreglubundinn – eða „ólöglegir“ fólksflutningar – umdeilt ágreiningsefni í mörgum löndum og sem hefur tilhneigingu til að ala á almennri andúð á jafnvel löglegum fólksflutningum.

Vissulega hefur tilvist óreglubundins fólksflutnings og það að fólk skynjar að innflytjendur hafi ekki aðlagast sem skyldi – sérstaklega í sumum Evrópulöndum – hjálpað til við þá þróun í mörgum OECD löndum á undanförunum árum að gera hefðbundna fólksflutninga erfiðari, sérstaklega hvað varðar fjölskylduflutninga. Einnig er ný áhersla lögð á að hvetja innflytjendur til að taka meiri þátt í því að stjórna eigin aðlögun. Tungumálanámskeið eru að verða útbreidd sem og upplýsingaáætlanir, sem veita hagnýtar ráðleggingar og lýsa stjórnkerfi landsins og reglunum, sem verður að fullnægja. Hin hliðin á slíkum áætlunum er sú að innflytjendur eru í auknum mæli líklegri til að verða beðnir um að sýna fram á að þeir hafi þekkinguna og færnina, sem þarf til að stjórna lífi sínu í nýjum heimkynnum. Á sama tíma eru viss merki um tilfærslu yfir til svokallaðra „fylgjandi“ fólksflutningastefna, sem beinast að því að hvetja faglærða innflytjendur til að fylla í sérstök skörð á vinnumarkaðinum, sérstaklega á sviðum eins og upplýsingatækni, læknisfræði og lífefnaverkfræði.

Fólksflutningar og menntun

Menntun er lykilatriði hvað varðar það að hjálpa ungum innflytjendum að gera sem mest úr lífi sínu í nýju heimkynnum. Auk þess að hjálpa þeim að læra tungumál landsins og afla sér nokkurrar af þeirri færni og hæfni, sem þeir þurfa á að halda í lífinu, brúar hún einnig félagsleg og menningarleg bil yfir í samfélög heimamanna. Að hvaða marki menntun ætti að hvetja unga innflytjendur til menningarlegrar „aðlögunar“ er, samt sem áður, þrætuepli í mörgum löndum og er mikið um það deilt.

Fræðilega séð, hversu vel gengur ungum innflytjendum á menntunarsviðinu? PISA áætlun OECD um mat á námsmönnum er að finna áhugaverðar upplýsingar. Í þremur af hefðbundnu innflytjendalöndunum – Ástralíu, Kanada og Nýja Sjálandi – stóðu aðfluttir námsmenn sig alveg jafn vel og innfæddir námsmenn í PISA matinu 2006. Í fjölda annarra landa, helst í Austurríki, Belgíu, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi og Svíþjóð, stóðu þeir sig greinanlega síður. Í Danmörku náðu aðeins um 1% af annarri kynslóð innflytjenda frábærum árangri samanborið við 7% innfæddra.


Hvaða þættir skýra slíkar sveiflur? Áður en því er svarað er mikilvægt að taka fram að þessar tölur eru meðaltalstölur: Rétt eins og innfædd börn eru innflytjendur mismunandi og jafnvel í löndum þar sem meðaltalseinkunn aðfluttra barna er í lægra lagi eru margir ungir innflytjendur að skila góðum árangri. Sem hóps er árangur aðfluttra barna ákvarðaður á grundvelli fjölskyldu þeirra, færni í tungumálum og getu menntakerfis staðarins til að veita erlendum námsmönnum stuðning. Einnig getur inntökustefna landanna þar sem þeir setjast að verið mikilvæg: Í löndum, sem treysta meira á valkerfi til að taka við innflytjendum, svo sem Ástralíu, eru innfluttir líklegri til að vera betur menntaðir og betur settir en í öðrum löndum og þetta er líklegt til að sjást í betri námsárangri barna þeirra.

Hvað geta menntakerfi gert til að aðstoða unga innflytjendur við að ná fram sínu besta? Viðleitnin getur hafist snemma á forskólastigi og þannig nýtt einstaka hæfileika ungra barna til að læra tungumál til að gefa þeim forskot á að tileinka sér tungumál staðarins. Leikskólar, sem samtvinna menntun og umönnun, geta einnig hjálpað mjög ungum börnum frá fátækari heimilum á þýðingarmiklum tíma í þroska þeirra.

Síðar kunna skólar að veita ungum innflytjendum stuðning í sambandi við sérstök undirbúningsnámskeið þótt mikið sé deilt um hve lengi halda eigi þeim áfram áður en börnin koma inn í almennt skólanám. Með líkum hætti, þótt ekki sé mikið deilt um gagn þess að láta unga innflytjendur komast fljótt inn í tungumálið, eru ekki allir sammála um hvernig að þessu skuli staðið. Það er t.d. í sumum löndum þannig að aðflutt börn fara gegnum tiltölulega stutt og aðskilið

Vaxandi viðskipti

[Fjöldi námsmanna í heiminum sem er skráður utan þess lands þar sem þeir eru með ríkisfang](#)



sambjappað tungumálanámskeið áður en þau flytjast í almennt skólanám. Í öðrum löndum sækja þau e.t.v. hefðbundin námskeið samhliða viðbótarnámskeiðum í tungumálum.

Eins og hvað varðar menntun innflytjenda er einnig þess virði að skoða hið vaxandi fyrirbæri fólksflutningar vegna menntunar. Síðan á miðjum sjöunda áratuga síðustu aldar hefur fjöldi námsmanna, sem skráðir eru utan heimalands síns, meira en fjórfaldast í að vera rétt yfir 2,7 milljónir. Stjórnvöld og framhaldsskólar í mörgum löndum myndu vilja sjá þessa tölu fara jafnvel hærra. Hvers vegna? Í fyrsta lagi getur það að bjóða pláss fyrir erlenda námsmenn hjálpað til við að ýta undir og kynna alþjóðlegan gagnkvæman skilning, bæði milli landa og innan stöðugt vaxandi fjölmenningsarsamfélaga nútímans. Í öðru lagi skapa alþjóðlegir námsmenn mikil viðskipti. Í þriðja lagi getur nám erlendis verið fyrsta skrefið í áttina að lengri dvöl í gístillandinu, sem getur síðan átt þátt í því að fullnægja þörfinni fyrir faglærða innflytjendur.

Fólksflutningar og atvinna

Yfirleitt vilja stjórnvöld fá innflytjendur til að vinna. Stundum er þetta drifið áfram af efnahagslegum þörfum: T.d. treysta sumir hlutar efnahagslífsins svo sem hótél, veitingahús og landbúnaður mjög mikið á innflutt vinnuafl. En það er líka hagur fyrir innflytjendur: Með því að hvetja þá til vinnu er hægt að draga úr þeim framtíðarhorfum að þeir og fjölskyldur þeirra dragist inn í fátæktargildir og hjálpað þeim við að byggja upp félagsleg og samfélagsleg tengsl.


Hversu vel gengur innflytjendum á vinnumarkaðinum? Hvað varðar atvinnuhlutfall þeirra voru innflytjendur á árunum fyrir upphaf kreppunnar 2008 að standa sig u.þ.b. jafnvel og stundum betur en innfæddir í um helmingi þeirra 24 landa, sem OECD hefur áreiðanleg gögn um. En í mörgum öðrum löndum voru innfæddir líklegri til að vera með atvinnu en innfluttir. (Efnahagssamdrátturinn er líklegur aðeins til að auka á þessi vandamál þar sem innflytjendur eru í sérstökum áhættuflokki hvað varðar atvinnumissi þegar hægist á efnahagslífinu).

En það er einnig mikilvægt að skoða við hvað innflytjendur starfa: Í miklu meira mæli en innfæddir eru innflytjendur oft meira en hæfir í störf sín. Margar ástæður eru fyrir þessu: Vinnuveitendur viðurkenna e.t.v ekki erlendar hæfiskröfur eða eru e.t.v. ófærir um að sannreyna hvort þær séu sambærilegar innlendum hæfiskröfum. Einnig getur verið að innflytjendur tali tungumálið ekki nægjanlega vel og vanti tengsl við innlenda samfélagið, sem getur hindrað þá í að heyra um laus störf við hæfi. Því miður er mismunur einnig vandamál, jafnvel þótt það sé núna ólöglegt í flestum löndum að neita að ráða fólk á grundvelli uppruna eða þjóðernis.

Hver sem ástæðan er geta innflytjendur og efnahagslíf landanna, sem þeir búa í, hvort tveggja hagnast á því að tryggja að innflytjendur hafi möguleika á að notfæra sér mannauð sinn. Þess vegna hafa

Hver er að vinna?

Þátttaka innflytjenda og innfæddra á vinnumarkaði, 2006



stjórnvöld í mörgum löndum – með mismunandi árangri – kynnt til sögunnar áætlanir og nýjungar til að hvetja til atvinnu fyrir innflytjendur. Þetta felur meðal annars í sé að sjá fyrir tungumálþjálfun, að koma á fót kennslukerfum og að grípa til aðgerða hvað varðar viðurkenningu á erlendum hæfiskröfum.

Fólksflutningar og þróun


Mikið er fjallað um áhrif innflytjenda á löndin þar sem þeir setjast að, en hin hliðin fær ekki eins mikla athygli: þ.e.a.s. hver eru áhrif brottflutnings á löndin og efnahagslífið, sem innflytjendurnir yfirgefa. Fyrir þróunarlönd getur flutningur fólks úr landi verið blessun og bölvun: blessun fyrir að koma á greiðslusendingum og erlendum samböndum og reynslu; bölvun fyrir að taka burtu það bjartasta og besta.

Til að skoða hið neikvæða fyrst þá er missir faglærðs og sérmenntaðs vinnuafns – „þekkingarþurrkur“ – oft talinn vera ein af megin hættum fólksflutninga, jafnvel þótt áhættan sé stundum rangtúlkuð. Í raun er hægt að færa rök að einhvers konar hagsbótum, sérstaklega þar sem fólksflutningar eru til baka og fólk, sem fór til útlanda kemur heim með nýja þekkingu. Samt sem áður er missir þjálfaðs starfsfólks frá þróunarlöndum, sérstaklega á sviðum heilsuverndar, málefni, sem þarf að hafa áhyggjur af, jafnvel þótt um sé að ræða aðeins eina hlið heilsuverndarvandamála þessarar landa.

Hið jákvæða er að greiðslusendingar geta verið mikilvæg uppspretta tekna erlendis frá fyrir mörg þróunarlönd. Fyrir 2007 áætlaði Alþjóðabankinn að greiðslusendingar til þróunarlöndu næmu a.m.k. 240 milljörðum Bandaríkjadala (en þar sem mikið af því fé, sem innflytjendur senda heim, er sent með óformlegum hætti var raunverulega upphæðin mjög trúlega hærrí). Þótt þessi tala virðist munu lækka vegna niðursveiflu í alþjóðlegu efnahagslífi eru greiðslusendingar líklegar til að halda áfram að hafa mikil áhrif í þróunarlöndunum í þá átt að draga úr fátækt, jafnvel þótt hlutverk þeirra í því að glæða efnahagsvöxtinn sé ekki eins skýrt.

Þekkingarþurrkur

Kandídatar menntaðir í útlöndum í OECD löndum



This summary contains **StatLinks**, a service that delivers Excel™ files from the printed page!

Visit www.oecd.org/insights

© OECD 2009

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing..

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

